

## Breytingar á Blöndulínu 3

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 28. september 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um breytingar á Blöndulínu 3 í Húnabyggð, Skagafirði og Hörgársveit samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.15 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Húnabyggðar, Hörgársveitar, Skagafjarðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landgræðslunnar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breytingar á Blöndulínu 3. Fyrirspurn um matsskyldu. Landsnet. September 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hörgársveit þann 31. október 2023.
- Skagafirði þann 15. nóvember 2023.
- Hafrannsóknastofnun þann 13. október 2023.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra þann 26. október 2023.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra þann 6. nóvember 2023.
- Landgræðslunni þann 2. nóvember 2023.
- Minjastofnun Íslands þann 13. nóvember 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 2. nóvember 2023.
- Orkustofnun þann 2. nóvember 2023.
- Umhverfisstofnun þann 20. október 2023.
- Veðurstofu Íslands þann 3. nóvember 2023.

Á kynningartíma barst jafnframt umsögn frá Maríu Reykdal og Helgu Indriðadóttur f.h. nokkurra landeigenda í Skagafirði.

Umsagnir bárust ekki frá Húnabyggð og Fiskistofu.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 24. nóvember 2023.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

##### Forsaga.

Landsnet áformar að byggja rúmlega 100 km langa 220 kV raflínu, Blöndulínu 3, milli Blönduvirkjunar og Akureyrar. Umhverfismati fyrir framkvæmdina er lokið, en því lauk með álit Skipulagsstofnunar 9. desember 2022. Þessi tilkynning snýr að breytingu á legu aðalvalkostar á nokkrum stöðum á línuleiðinni. Sumar breytingar eru innan rannsóknarsvæðis í umhverfismati en



aðrar ná út fyrir svæðið. Breytingarnar eru tilkomnar bæði í kjölfar samtala og samráðs við einstaka landeigendur og einnig hefur verkhönnun línunnar kallað á breytingar.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í breytingum á staðsetningu Blöndulínu 3 á sjö svæðum á mislögum köflum og víkur línuleiðin mismikið frá þeirri leið sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum og er mesta frávikið við Mælifell og Brúnastaði 1 og 2 í Skagafirði, þar sem línan færist um 600 - 700 m. Auk þeirra breytinga eru fimm aðrar breytingar sem orðið hafa á legu línunnar frá umhverfismati sem felast að mestu í tilfærslu innan eða í nálægð við rannsóknabeltið sem unnið var út frá í umhverfismatinu. Þessir staðir eru eftirfarandi:

- Línuleið yfir í Kiðaskarð í Húnabyggð.
- Línuleið yfir Héraðsvötn í Skagafirði.
- Línuleið í landi Geirhildagarða í Hörgársveit. (Innan rannsóknarbeltis).
- Línuleið í landi Þverár í Öxnadal í Hörgársveit.
- Línuleið hjá Ásláksstöðum í Hörgársveit. (Innan rannsóknarbeltis).

Breytingarkafli	Lengd kafla	Breyting á línulengd	Mesta færsla frá MÁU	Fjöldi mastra í MÁU	Fjöldi mastra eftir breytingu	Hvati að breytingu
Mælifell	3,9 km	-491 m	636 m	15 stk.	12.stk.	Verkhönnun
Brúnastaðir 1 og 2	2,9 km	+550 m	663 m	10 stk.	11 stk.	Óskir landeigenda
Kiðaskarð	4,6 km	+4 m	241 m	19 stk.	12. stk.	Ásýnd og rekstur
Héraðsvötn	4,9 km	+29 m	388 m	17 stk.	15.stk.	Óskir landeigenda
Geirhildagarðar	2,6 km	-9 m	99 m	10 stk.	8 stk.	Óskir landeigenda
Þverá	7 km	+34 m	229 m	23 stk.	21.stk	Óskir landeigenda
Ásláksstaðir	1,25 km	+20 m	125 m	3	3	Óskir landeigenda
<b>Samtals</b>	<b>20,15 km</b>	<b>+137 m</b>		<b>97 stk.</b>	<b>82 stk.</b>	

Tafla 1. Helstu kennistærðir breytinga á Blöndulínu 3. ( Úr greinargerð Landsnets).

Eins og kemur fram í töflu 1 verður heildarlengd þess kafla, þar sem breytingar verða, um 20 km og verður línulengd eftir breytingar um 140 m lengri en áður var áætlað. Þegar á heildina er litið mun möstrum fækka um 15 sem mun þar af leiðandi draga úr raski sem því nemur. Hæð mastra er á bilinu 17-32 m eftir aðstæðum en flest þeirra verða á bilinu 20-26 m. Í öllum tilfellum verður um óverulega breytingu að ræða á lengd slóða frá því sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum og efnisþörf er sambærileg og gert var ráð fyrir í matinu sem og frágangur.



## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets og umsögnum umsagnaraðila.

### Gróður og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í tilfelli allra þeirra svæða sem breytingar eru fyrirhugaðar á hafi niðurstaða umhverfismats verið sú að áhrif á vistgerðir og flóru myndu verða nokkuð neikvæð. Að mati Landsnets hafa þær breytingar sem hér eru lagðar til ekki áhrif á þá niðurstöðu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að fyrirhuguð breyting á línuleið fari um votlendissvæði eins og í tilfelli þeirrar línuleiðar sem var til umfjöllunar í umhverfismati, einkum við Mælifell, Brúnastaði og í Kiðaskarði og við Mælifell sé æskilegt að hlífa votlendi sem mest við raski og staðsetja spennistöð, slóða og mastrastæði frekar á þurrari svæðum eftir því sem hægt er. Við Brúnastaði telur Náttúrufræðistofnun líklegt að með færslu á línuleiðinni verði meira rask á votlendi en með útfærslunni sem kom fram í umhverfismati. Færslan sé því á kostnað náttúrulegra vistgerða til að hlífa ræktarlandi. Breytingin sé þó ólíkleg til að hafa áhrif á lokaniðurstöðu mats. Flestar breytingar á línuleiðum innan þessara sjö svæða eru vegna óska landeigenda þar sem oft er verið að hlífa túnum eða skógrækt. Náttúrufræðistofnun óskar eftir því að óröskuðu landi, votlendi og áhugaverðum landformum, verði jafnframt hlíft við raski vegna framkvæmda á línuleiðum.

Í svörum Landsnets kemur fram að við staðsetningu mannvirkja verði leitast við að lágmarka rask og sérstaklega á viðkvæmum svæðum eins og votlendi.

### Jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði breytingar á efnistökusvæðum miðað við upphaflegt umhverfismat en gera megi ráð fyrir að jarðrask vegna breytinga verði umfangsminna en áður hafi verið áætlað þar sem möstrum á línuleiðinni fækki. Áhrif voru talin óveruleg á jarðmyndanir í umhverfismati línunnar og að mati Landsnets hafa fyrirhugaðar breytingar ekki áhrif á þá niðurstöðu.

### Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á þeim svæðum sem línuleiðin tekur breytingum sé ekki um að ræða svæði þar sem mófuglalíf er ríkt og sé áflugshætta á svæðunum lág og hafi áhrif verið talin nokkuð neikvæð á fugla í umhverfismatinu á þessum svæðum og eigi sú vægiseinkunn enn við.

### Vatnalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skv. umhverfismati Blöndulínu 3 fari línuleiðin yfir þrjár ár, Mælifellsá, Svartá í Skagafirði og Héraðsvötn á fyrirhuguðum svæðum þar sem gert er ráð fyrir breytingum á línuleiðinni. Mælifellsá telst hafa lítið til miðlungs mikilvægi og viðkvæmni og Svartá í Skagafirði telst hafa miðlungs mikilvægi og viðkvæmni. Héraðsvötn hafa lítið mikilvægi og litla til miðlungs viðkvæmni. Í Hörgársveit fer breytt línuleið yfir Þverá sem telst hafa lítið mikilvægi og viðkvæmni. Áhrif línulagnar á árnar voru talin óveruleg í matinu þar sem leiðarar liggja yfir ánum og ekki er þörf á að raska þeim við uppbyggingu línunnar og á sú niðurstaða við hvað varðar fyrirhugaðar breytingar að mati Landsnets.

Hafrannsóknastofnun telur að breytingar frá umhverfismati ættu að vera minniháttar þegar kemur að mögulegum áhrifum á vatnalíf.



## Fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við fyrirhugaðar breytingar muni línuleið færast ýmist nær eða fjær skráðum fornleifum sem til umfjöllunar voru í mati á umhverfisáhrifum og að Landsnet muni ráðast í þær mótvægisáðgerðir sem lagðar hafi verið til í umhverfismatinu. Við mannvirkjagerð verði tekið tillit til þeirra fornleifa sem fornleifafræðingur telur í stórhættu eða hættu og hefur mjög mikið eða mikið minjagildi vegna framkvæmda, með því að sneiða hjá þeim eða tryggja öryggi þeirra á vettvangi með því að merka þær með t.d. áberandi flöggum, bæði fyrir og á meðan framkvæmdum stendur.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að ganga þurfi frá skráningu menningarminja þar sem farið sé utan rannsóknarsvæðis í samráði við Minjastofnun sem og ljúka skráningu innan þeirra jarða sem séu innan svæðis en hafi ekki verið fornleifaskráðar í fyrri áföngum. Fornleifaskráningu þarf að vinna samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands.

Í svörum Landsnets kemur fram að gengið verði frá skráningu menningarminja þar sem farið verði utan rannsóknarsvæðis í samráði við Minjastofnun.

## Landslag og ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að með breyttri legu muni ásýnd breytast á viðkomandi svæði frá því sem áætlað hafi verið í matinu. Í Skagafirði er ekki gert ráð fyrir að mikil breyting verði á sýnileika línunnar, miðað við nýja legu, frá bæjum í 0-2 km fjarlægð en með breyttri legu má gera ráð fyrir að færri möstur verði sýnileg frá nokkrum bæjum. Að mati Landsnets mun breytt línuleið hafa jákvæð áhrif á ásýnd línunnar í Kiðaskarði, færast heldur nær hringvegi þar sem Norðurá mætir Héraðsvötnum en er samt í töluverðri fjarlægð frá honum eftir sem áður og það sama á við Geirhildargarða í Öxnadal en þar er færslan það lítil að það kemur ekki að sök. Við Þverá og Ásláksstaði eru ásýnd línunnar svipuð og gert var ráð fyrir í matinu þar sem færslan er það lítil.

Umhverfisstofnun telur að umræddar breytingar séu til bóta og muni draga úr sýnileika línunnar sérstaklega vegna fækkunar mastra.

Í umsögn landeigenda er gerð athugasemd við að tengivirkið og línán séu færð í enn meiri nálægð við Mælifellshjúk en í fyrri áætlunum en hnjúkurinn sé eitt helsta kennileiti Skagafjarðar og vinsæl gönguleið.

## Ferðapjónusta og útivist

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að niðurstaða umhverfismats Blöndulínu 3 hafi verið sú að línuleiðin í Skagafirði hafi nokkuð neikvæð áhrif á ferðapjónustu og útivist. Þessi kafli er nálægt gönguleið á Mælifellshjúk og einnig Giljadal og Skeljungsstein sem flokkaðir eru sem mikilvægir staðir fyrir ferðapjónustu og útivist. Með breytingum færast línuleiðin að hluta fjær þessum stöðum, en breyting á sýnileika þaðan er óveruleg. Talið er að áhrif annarra breytinga á ferðapjónustu og útivist verði óveruleg.

## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við aðalskipulag Húnavatnshrepps, (Húnabyggð), Skagafjarðar eða Hörgársveitar og kallar á breytingar á þessum skipulagsáætlunum.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Húnabyggðar, Skagafjarðar og Hörgársveitar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdarleyfi og ýmsum öðrum leyfum sem vikið er að í tilkynningu Landsnets.



## 6 Niðurstaða

Um er að ræða breytingar á línuleið Blöndulínu 3 á nokkrum stöðum í Húnabyggð, Skagafirði og Hörgársveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.15 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Í þessari ákvörðun er einungis tekin afstaða til þess hvort að færsla línuleiðar Blöndulínu 3 á einum 7 svæðum, miðað við það sem gert var ráð fyrir í umhverfismati línunnar árið 2022, sé þess eðlis og að því umfangi að hún þurfi að sæta mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða tiltölulega umfangslitlar breytingar á línuleið Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar miðað við þá mjög umfangsmiklu framkvæmd sem var til umfjöllunar í ofangreindu mati á síðasta ári. Í flestum tilfellum er færsla línuleiðarinnar að mestu leyti innan rannsóknarsvæðis sem afmarkað var í matinu og því má gera ráð fyrir að áhrif á umhverfisþætti eins og búsvæði fugla og áflugshættu, vatnalíf og jarðmyndanir verði sambærileg og gert var ráð fyrir í því mati og á þetta einnig við í þeim tilfellum þar sem færslan er milli 600-700 m á tveimur svæðum.

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur bent á að við Brúnastaði sé líklegt að með færslu á línuleiðinni verði meira rask á votlendi og telur að almennt sé æskilegt að staðsetja spennistöð, slóða og mastrastæði frekar á þurrari svæðum. Ljóst er að umfangsmikil votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd verða fyrir raski vegna lagningar Blöndulínu 3. Fyrirhuguð færsla kann að auka við það rask eins og NÍ bendir á á afmörkuðu svæði en að mati Skipulagsstofnunar er hér ekki um umtalsverð áhrif að ræða umfram það sem var til umfjöllunar í matinu en stofnunin tekur undir ábendingar NÍ um nauðsyn þess að velja staðsetningar mannvirkja með því augnamiði að hlífa votlendi sem mest fyrir raski.

Þá bendir Skipulagsstofnun á nauðsyn þess að fara eftir tilmælum Minjastofnunar Íslands varðandi það að ganga frá skráningu menningarminja þar sem farið verður utan rannsóknarsvæðis fornleifa í mati á Blöndulínu 3 í samráði við stofnunina.

Fyrir liggur að ný línuleið við Mælifell verður nær Mælifellshnjúk en gert var ráð fyrir í matinu en í álitni Skipulagsstofnunar kom fram að ásýnd Mælifellshnúks kæmi til með að breytast talsvert við tiltekin sjónarhorn með tilkomu loftlínu, m.a. á ofangreindu svæði við Mælifell. Í tilkynningu eru birtar myndir sem sýna eiga breytingar á ásýnd Mælifellshnúks við færsluna. Skipulagsstofnun telur erfitt að meta umfang hugsanlegra breytinga en telur líklegt að loftlína ofar og nær hnjúknum geti orðið meira áberandi og kunni að hafa heldur neikvæðari áhrif á ásýnd fjallsins, sem er eitt helsta kennileiti Skagafjarðar, frá tilteknum sjónarhornum. Þegar á heildina er litið verður um fækkun mastra að ræða á umræddum svæðum miðað við það sem gert var ráð fyrir í matinu og því líkur á að færslan kunni að vera að einhverju leyti til bóta m.t.t. ásýndar mannvirkja.



### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. janúar 2024.

Reykjavík, 29. nóvember 2023

Egill Þórarinsson

Jakob Gunnarsson

